

Ár 2012, Sunnudaginn 11. mars 2012, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands kærúmál nr. 2/2012

Hkd. Fylkis gegn hkd. Fram vegna meints brots á 25. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.

Málið dæmir ValaValtýsdóttir.

Mál þetta var þingfest 5. mars 2012 og dómtekið 8. mars.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dags. er 3. mars 2012, móttækin 5. mars kl. 15:35 af HSÍ og telst því send innan kærufrests.

Samkvæmt efni kærunnar kærir handknattleiksdeild Fylkis úrslit leiks Fram 2 og Fylkis 2 í þriðja flokki kvenna þar sem Fram tefldi fram leikmanninum Karólínu Vilborgu Torfadóttur, kt. 090494-3099 en leiknum lauk með sigri Fram 32-24.

Málsatvik eru ágreiningslaus. Ágreiningur stendur um hvernig túlka beri 25. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót en þar segir:

Ef tvö eða fleiri lið félags eru í sömu deild, er ekki heimilt að færa leikmenn á milli liða. Annars skulu lið félags í efri deild teljast A lið og lið í Neðri deild teljast B lið, þá á leikmaður sem lék síðasta leik með A liði ekki leika með B liði. Ekki má samt færa leikmann úr A liði í B lið þegar 5 leikir eða færri eru eftir af deildarkeppni hjá öðru hvoru liðinu. Ekki er heimilt að færa leikmenn úr A liði í B lið eftir að deildarkeppni lýkur né meðan úrslitakeppni stendur.

Kærandi byggir kröfu sína á því að þar sem umræddur leikur var fimmti síðasti leikur B liðs eigi ákvæðið við og því hafi ekki verið heimilt að færa umræddan leikmann úr A liði í B lið.

Í greinargerð Fram er því haldið fram að meginmáli skipti umræddur leikmaður hafi leikið síðasta leik sinn með Fram 1(A) þegar fimm leikir voru eftir hjá Fram 1(A) og þá hafi einnig verið eftir 6 leikir hjá Fram 2(B). Auk þess sem að líða verði einn leikur á milli áður en leikmaður verður löglegur með liði 2(B).

Í ljósi atvika og þeirra gagna sem liggja fyrir í máli þessu tók dómari þá ákvörðun í þinghaldi dags. 8. mars sl. að ekki væri ástæða til að flytja málið munnlega jafnframt féllu aðilar máls frá því að koma að fleiri gögnum eða skýringum. Niðurstaða málsins er því byggð á framlögðum gögnum.

Niðurstaða:

Mál þetta snýst aðallega um túlkun á 25. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.

Í 2. mgr. 3. gr. félagaskiptareglugerðar HSÍ segir:

Ef tvö eða fleiri lið félags eru í sömu deild, er ekki heimilt að færa leikmenn á milli liða. Annars skulu lið félags í efri deild teljast A lið og lið í Neðri deild teljast B lið, þá á leikmaður sem lék síðasta leik með A liði ekki leika með B liði. Ekki má samt færa leikmann úr A liði í B lið þegar 5 leikir eða færri eru eftir af deildarkeppni hjá öðru hvoru liðinu. Ekki er heimilt að færa leikmenn úr A liði í B lið eftir að deildarkeppni lýkur né meðan úrslitakeppni stendur.

Af orðalagi ákvæðisins verður ekki annað skilið en að almenna reglan sé sú að ekki sé heimilt að færa leikmenn á milli liða þegar félag er með tvö eða fleiri lið í sömu deild, sbr. orðalagið: "er ekki heimilt að færa leikmann á milli liða."

Í sama ákvæði er síðan undantekning gerð frá aðalreglunni þar sem segir: „Ekki má samt færa leikmann úr A liði í B lið þegar 5 leikir eða færri eru eftir af deildarkeppni hjá öðru hvoru liðinu“ Þannig skiptir meginmáli hvernig orðalagið „hjá öðru hvoru liðinu“ er túlkað sér í lagi þar sem ekki hefur verið krafist formlegrar tilkynningar við slíka tilfærslu leikmanna milli A og B liða.

Með vísan til þess að um undantekningu frá aðalreglu er að ræða sem ber að túlka þröngt og þess að orðalag málsliðarins á undan er óskýrt verður ekki annað séð en að uppfylla verði skilyrðið um að "ekki megi færa leikmann úr A liði í B lið þegar 5 leikir eða færri eru eftir hjá öðru hvoru liðinu" þannig að það eigi við um bæði liðin (A og B). Þannig verði að vera eftir 6 leikir eða fleiri þegar leikmaður tekur þátt í leik B liðs ef hann hefur áður á sama leiktímabili spilað með A liði.

Ekki er ágreiningur um málsatvik og ljóst að umræddur leikmaður tók þátt í leik með B liði Fram þegar 5 leikir eða færri voru eftir af deildarkeppni og braut því þátttaka leikmannsins í bága við ofangreint ákvæði.

ÚRSKURÐARORÐ:

Fallist er á kæru Handknattleiksdeildar Fylkis. Óheimilt var að flytja leikmanninn Karólínu Vilborgu Torfadóttur í B lið þegar 5 leikir voru eftir af deildarkeppni.

Úrskurði þessum er heimilt að skjóta til áfrýjunardómstóls HSÍ innan 3ja sólahringa frá birtingu.

Úrskurðinn kvað upp Vala Valtýsdóttir.

sign

Vala Valtýsdóttir